

3. Eyjafjarðarsýsla.

4

Tekjur :	
a. Eign frá fyrra ári	171,45
b. Sýsluvegagjald	1193,63
c. Tillag úr landssjóði	1150,00
d. Aðrar tekjur	6,60
e. Skuld til næsta árs	<u>412,30</u>
	2933,98
Gjöld:	
a. Vegabótakostnaður	2706,61
b. Útistandandi sýsluvegagjald	<u>227,37</u>
	2933,98

[Framhald].

Fiskiveiðasamþykkt.

5

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, sbr. lög 4. desbr. 1886, gjört eftirfylgjandi

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt fyrir Rosmhvalanesshrepp innan Skaga, Vatnsleysustrandar, Garða- og Bessastaða-hreppa, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, staðfestri 9. júní 1885.

1. grein.

Enginn má leggja þorskanet í sunnanverðum Faxaflóa utar eða dýpra en svo, að varðan á suðurenda Langholts beri um Stórahólmsbæ í Leiru. Skal því netamarki haldið svo lengi, sem þessi mið sjást, en að þeim slepptum, skal taka beina stefnu í Hengil, sem þá mun bera um Hvaleyri. Skal halda því miði þangað til Keilir er kominn um Kúagerði. Eigi skal leggja þorskanet nær landi á svæði því, er samþykktin nær yfir, en við grynstu hraunbrún. Sjeu net lögð utar eða dýpra, en hjer segir, skulu tilsjónarmenn taka þau upp og flytja þau í land með aflanum án úrskurðar yfirvalds. En tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, þangað til eigandi eða umbodsmáður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, sem veiðarfærin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómi, eða málssókn gegn honum sje niður fallin, eða hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu.

2. grein.

Brot gegn 1. grein varða sektum frá 5—500 króna, og renna sektir fyrir brot gegn grein þessari, hálfar í sveitarsjóð þess hrepps, er hinn brotlegi stundar fiskiveiðar í, er hann brýtur, $\frac{1}{4}$ til tilsjónarmanna, en $\frac{1}{4}$ til uppljóstursmanns. Afli sá, sem fenginn er með ólöglegri notkun neta, skal upptækur vera, og rennur helmingur andvirðis hans í fátækra sjóð þess hrepps, sem hinn brotlegi stundar fiskiveiðar í, er hann

5 brýtur, $\frac{1}{4}$ til tilsjónarmanns, sem upptekur og $\frac{1}{4}$ til uppljóstursmanns.

Aðrar sektir samkvæmt 3., 4. og 6. grein samþykktar 9. júní 1885 og 3. gr. þessarar samþykktar, renna hálfar í sjóð þess hrepps, sem hinn brotlegi stundar fiski-veidar í, er hann brýtur, $\frac{1}{4}$ uppljóstursmanns en $\frac{1}{4}$ til tilsjónarmanna.

3. grein.

Á svæði því, er samþykktin nær yfir, fyrir innan Stakk við Hólmsberg, skulu allir fiskimenn skyldugir að bera niður á fiskimiðum, einkanlega þar, sem hraun er fyrir í botni, hrogn úr öllum fiski á tímabilinu frá 15. apríl til 10. maí ár hvert, nema þau hrogn, sem höfð eru til manneidis. Skulu hreppsnefndir í hverjum hreppi hafa eptirlit með því, að þessari ákvörðun sje fylgt.

Brot gegn þessari grein varða sektum allt að 20 krónum fyrir hverja tunnu hrogna, sem söltuð er til útsölu á áðurgreindu tímabili.

4. grein.

Með samþykkt þessari eru úr gildi numdar 1., 5. og 8. grein í samþykkt 9. júní 1885.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 14. dag marz-mánaðar 1888, og kunngjörist öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Íslands Suðurstamt, Reykjavík 11. janúar 1888.

E. Th. Jónassen.

EMBÆTTASKIPUN O. FL.

24. janúar skipaði landshöfðingi prestaskólakandídat Jón Bjarnason Straumfjörð til að vera sóknarprest í Meðallandsþinga-prestakalli í Vestur-Skaptatellsprófastsdæmi eptir að tillögu hlutadeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

27. s. m. skipaði landshöfðingi prest í Nesþingum sjera Helga Árnason til að vera sóknarprest í Hvanneyrarprestakalli í Eyjatjardarprófastsdæmi eptir að tillögu hlutadeigandi safnaðar haði verið um það leitað.

31. s. m. var alþingismaður Ólafur Briem á Alfgeirsvöllum af landshöfðingja skipaður umboðsmaður í Reynistaðarklaustursumboði frá næstkomandi fardögum að telja.

HEIÐURSMERKI.

5. janúar voru bærdurnir Sigurjón Jóhannesson á Laxamýri í Þingeyjarsýslu og Ketill Ketilsson í Kotvogi í Gullbringusýslu af hans hátign konunginum sændir heiðursmerki dannebrogsmanna.

ÓVEITT PRESTAKALL.

er verður veitt með þeim fyrirvara, að sá, er það fær, verði að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þess, er leitt geti af ákvörðun í 16. gr. laga 19. febr. 1886:

Nesþing í Snæfellsnessprófastsdæmi (Ingjaldshöls, Fróðár og Hellnasóknir). Prestsekkja er í braudinu. Metið kr. 1356,25. Auglýst 31. janúar 1888.

EINKARJETTINDI.

18. nóvbr. 1887 voru konsúl J. F. V. Steenberg í Kaupmannahöfn af hans hátign konunginum veitt einkarjettindi til að viðhafa á Íslandi um næstu 10 ár aðferð þá til að viðhalda nýjum fiski óskemmdum, er hann hefur fundið upp.